

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 122/2004 um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á IX. kafla viðauka I við reglugerðina:

- a. Í 1. tölulið 2. reglu bætast við eftirfarandi orðskýringar:
 - r) „GMDSS“, Global Maritime Distress and Safety System (alþjóða neyðar- og öryggiskerfi fyrir sjófarendur).
 - s) „Skipjarðstöð“, færanleg jarðstöð til notkunar með samþykktri GMDSS-gervihnattaþjónustu.
 - t) „Samþykkt GMDSS-gervihnattaþjónusta“, þjónusta veitt af fyrirtæki sem rekur gervihnatta-fjarskiptakerfi samþykkt af Samgöngustofu fyrir GMDSS, sem meðal annars nýtist til neyðar-fjarskipta.
- b. 1. málslíður stafliðar e í 1. tölulið 6. reglu orðist svo: fjarskiptabúnaði til móttöku á öryggistilkynningum til sjófarenda, frá hópallkerfi í samþykktri GMDSS-gervihnattaþjónustu, sé skipið í ferðum á einhverju hafsvæði, sem slík þjónusta nær til, en þar sem alþjóðleg NAVTEX-þjónusta er ekki veitt.
- c. i-liður stafliðar f í 1. tölulið 6. reglu orðist svo: vera fær um að senda neyðarmerki, annaðhvort um þjónustu gervihnatta á pólferlum, sem starfa á tíðnunum 406 MHz til staðsetningar og 121,5 MHz til nærmiðunar (COSPAS/SARSAT) eða, sé skipið aðeins í ferðum innan svæðis, sem viðurkennd GMDSS-þjónusta nær til, um slíka þjónustu á 1,6 GHz tíðnisviðinu.
- d. Stafliður c í 2. tölulið 6. reglu orðist svo: fjarskiptabúnaði til móttöku á öryggistilkynningum til sjófarenda frá hópallkerfi í samþykktri GMDSS-gervihnattaþjónustu samkvæmt staflið e í 1. tölulið.
- e. Í stað orðsins „INMARSAT“ í neðanmálgrein 277 kemur: GMDSS.
- f. Í stað orðanna „þjónustu kyrrstæðu INMARSAT gervihnattanna“ í staflið e í 1. tölulið 7. reglu kemur: samþykkt GMDSS-gervihnattaþjónustu.
- g. Orðið „INMARSAT“ fellur brott í i- og ii-lið stafliðar e í 1. tölulið 7. reglu.
- h. Neðanmálgrein 281 fellur brott.
- i. iii-liður stafliðar c í 1. tölulið 8. reglu orðist svo: í gegnum samþykkt GMDSS-gervihnattaþjónustu. Þessu ákvæði má fullnægja með skipjarðstöð eða frífljótandi neyðarbaujunni, sem krafist er samkvæmt 6. reglu, staflið f í 1. tölulið, annaðhvort með því að koma frífljótandi neyðarbaujunni fyrir nálægt eða að henni sé fjarstýrt frá þeim stað þáðan sem skipinu er að jafnaði stjórnað.
- j. Orðið „INMARSAT“ í staflið b í 3. tölulið 8. reglu fellur brott.
- k. Orðið „INMARSAT“ í staflið a í 1. tölulið 9. reglu fellur brott.
- l. iii-liður stafliðar d í 1. tölulið 9. reglu orðist svo: í gegnum samþykkt GMDSS-gervihnattaþjónustu, með viðbótar skipjarðstöð eða með frífljótandi neyðarbaujunni, sem krafist er samkvæmt 6. reglu, staflið f í 1. tölulið, annaðhvort með því að koma frífljótandi neyðarbaujunni fyrir nálægt eða að henni sé fjarstýrt frá þeim stað þáðan sem skipinu er að jafnaði stjórnað.
- m. ii-liður stafliðar c í 2. tölulið 9. reglu orðist svo: í gegnum samþykkt GMDSS-gervihnattaþjónustu. Þessu ákvæði má fullnægja með viðbótar skipjarðstöð eða með frífljótandi neyðarbaujunni, sem krafist er samkvæmt 6. reglu, staflið f í 1. tölulið, annaðhvort með því að koma frífljótandi neyðarbaujunni fyrir nálægt eða að henni sé fjarstýrt frá þeim stað þáðan sem skipinu er að jafnaði stjórnað; og
- n. Orðið „INMARSAT“ í d-lið 1. töluliðar 11. reglu fellur brott.
- o. Orðið „INMARSAT“ í 2. tölulið 12. reglu fellur brott.
- p. Orðið „INMARSAT“ í staflið c í 7. tölulið a í 14. reglu fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 24. gr. skipalaga nr. 66/2021, öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 12. apríl 2024.

Svandís Svavarsdóttir.

Hermann Sæmundsson.

B-deild – Útgáfudagur: 2. maí 2024